

Reglur um verðboð

Verðboð er þegar seljandi sendir tilboð í innkaup á vöru sem þegar er í vöruvali Fríhafnarinnar og í gildi er innkaupasamningur við annan seljanda. Fríhöfnin getur haft frumkvæði að því að óska eftir verðboðum.

Seljandi tilkynnir Fríhöfninni um fyrirhugað verðboð á innkaupavef Fríhafnarinnar.

Vegna viðskipta- og hagkvæmnissjónarmiða verður verðboð ekki tekið til skoðunar nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fyrir liggur staðfesting um að seljandi hafi leyfi framleiðanda eða eiganda vörumerkis til dreifingar viðkomandi vöru eða vörulínu í ferðaverslanir (e. *Travel Retail*).
- Ef um vöru innan stærra vörumerkis er að ræða skal tilboð ná til allra tegunda, s.s. bragðtegunda og umbúðastærða sem eru í vöruvali Fríhafnarinnar.
- Vara er í grunnvöruúrvali og hefur staðist árangursviðmið a.m.k einu sinni.
- Liðnir eru a.m.k. fjórir mánuðir frá því að síðasta verðboð í vöruna tók gildi.

Ef tilkynning um verðboð uppfyllir ofangreind skilyrði er verðboð stofnað á innkaupavef Fríhafnarinnar. Handhafa gildandi innkaupasamnings er tilkynnt um fyrirhugað verðboð og honum gefinn kostur á endurskoðun á innkaupsverði. Handhafi gildandi innkaupasamnings og seljandi, sem tilkynnir verðboð, skila verðboðum sínum inn í gegn um innkaupavef. Fríhöfnin opnar framkomin verðboð samtímis eftir að verðboðsfresti lýkur.

Niðurstöður skulu liggja fyrir innan mánaðar frá því að verðboðsfresti lýkur.

Að verðboði loknu er gerður innkaupasamningur um viðkomandi vöru eða vörulínu við þann seljanda sem bauð lægra vöruverð eða þann heildarsamning sem er hagkvæmari fyrir Fríhöfnina. Ef viðskipti haldast hjá handhafa innkaupasamnings skal breytt innkaupsverð taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að niðurstaða verðboðs liggur fyrir.

Ef viðskipti færast til nýs seljanda er gildandi innkaupasamningi sagt upp og innkaup færð til nýs seljanda að uppsagnarfresti liðnum.

Eftir verðboð er handhafa innkaupasamnings óheimilt að hækka vöruverð í a.m.k. fjóra mánuði frá gildistöku hans og á þeim tíma er óheimilt að gera verðboð í vöruna.

Breytingarákvæði

Ef breytingar verða á reglum þessum eru þær tilkynntar með minnst mánaðar fyrirvara.

Reglur þessar eru settar með vísan til reglugerðar, nr. 1101/2022, um vöruval og innkaup tollfrjálsra verslana á áfengi.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Keflavíkurflugvöllur, 25.01.2023,

Þorgerður Þráinsdóttir